

Ed.

584. Frumvarp til laga

[272. mál]

um aukningu hlutfjár í Kísiliðjunni h. f.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1,3 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni h.f. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutfjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni h.f.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni, sem ríkissjóður fær við yfirtöku nefndra krafna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, hefur það að markmiði að treysta rekstrargrundvöll og tryggja greiðsluafkomu Kísiliðjunnar h.f. vegna rekstrarerfiðleika. Kísiliðjan kynnti aðalhluthöfum sínum á seinni hluta s. l. árs að um verulegan taprekstur yrði að ræða á árinu 1981 og fyrirsjáanlegt væri að fyrirtækið myndi eiga í greiðsluvandræðum á næstu árum. Hafa fulltrúar iðnaðarráðuneytisins og Manville¹⁾ átt viðræður um málefni Kísiliðjunnar.

Af hálfu Manville var greint frá því að fyrirtækið væri ekki tilbúið að leggja fram meira en \$ 262 500 í aukið hlutfé en jafnframt væri fyrirtækið reiðubúið að endurskoða samninga um sölubóknun og tækniþjónustugjald.

Iðnaðarráðuneytið ræddi þessi mál við fjármálaráðuneytið og lagði fram ákveðna tillögu um aukningu hlutfjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni. Fjármálaráðuneytið féllst á þessa tillögu með bréfi til iðnaðarráðuneytisins dags. 24. mars 1982.

Gert er ráð fyrir því að aukning hlutfjár ríkissjóðs verði með því móti, að ríkissjóður taki að sér að greiða fjögur lán er nú hvíla á Kísiliðjunni h.f. og eru lán þessi sem hér segir:

1. Lán hjá The Northern Trust Company, upphaflega \$ 500 000 til 7 ára með 9% föstum vöxtum. Afborganir hófust á árinu 1981. Afborganir fara fram tvisvar á ári 15. júní og 15. desember, seinasta afborgun 15. júní 1985. Eftirstöðvar 31/12 1981 \$ 388 980.
2. Lán hjá New England Merchant National Bank, samskonar lán og hið fyrra og með sömu kjörum. Eftirstöðvar 31/12 1981 \$ 388 980.
3. Lán hjá Citybank, London \$ 250 000. Afborganir hefjast 30. apríl 1982, seinasta afborgun 31. október 1987. Vextir breytilegir 5/8% yfir LIBOR + 1¼% tryggingargjald til Landsbankans.
4. Yfirtaka á láni, sem Kísiliðjan tók á árinu 1981 hjá endurlánum ríkissjóðs að upphæð \$ 262 500 eða þar um bil.

Samtals eru þessi lán að upphæð \$ 1.290 460 eða um 13 millj. kr.

Manville mun yfirtaka lán að upphæð \$ 262 500 sem fyrirtækið veitti Kísiliðjunni fyrir nokkrum árum. Samhliða þessu verða gerðir nýir samningar milli Kísiliðjunnar h.f. og Manville um sölubóknun og greiðslu fyrir tækniþekkingu. Í samningi um sölubóknun er kveðið á um 25% gjald, í reynd hefur gjald þetta verið mun lægra frá byrjun og er áformað

1) Fyrirtækið hét áður Johns Manville, en í lok s. l. árs var nafninu breytt í Manville.

að semja um 12% gjald ásamt hugsanlega öðrum breytingum. Í tæknisamningi er kveðið á um greiðslu 6% tæknigjalds en í reynd hefur verið greitt 2% gjald og er áætluð að fastsetja þá tölu í tæknisamningnum.

Þær tillögur um aukið hlutfé sem hér er gert ráð fyrir, leiða til nokkurra breytinga á eignarhlutdeild í Kísiliðjunni h.f.

	Núverandi	Samkvæmt tillögunum ca.
Ríkissjóður	51,6%	63%
Manville	47,8%	36,5%
Aðrir þ.e. aðallega sveitarfélög á Norðurlandi eystra	0,6%	0,5%

Stutt yfirlit um starfrækslu Kísiliðjunnar h.f.

Nú eru liðin um 15 ár frá stofnun Kísiliðjunnar h.f. við Mývatn. Fyrstu 5 árin voru verksmiðjunni erfið enda á vinnslan á kísilgúr hérlendis sér enga hliðstæðu annars staðar í heiminum. Upp úr 1972 fer reksturinn að ganga betur. Á árunum 1973 til 1978 er afkoma Kísiliðjunnar góð. Nettó hagnaður er öll þessi ár og greiðslustaða verksmiðjunnar mjög góð.

Árið 1977 verður Kísiliðjan fyrir gífurlegum áföllum, hráefnisprærnar eyðileggjast og skemmdir verða á húsum. Á árinu 1978 er byggð ný og fullkomin hráefnispró í stað þeirra þriggja sem eyðilögðust. Engar tryggingarbætur fengust vegna þessa tjóns. Heildarkostnaður við byggingu nýju þróarinnar var um \$ 1 300 000 sem samsvarar um 13 millj. kr. Fjármögnun þessa verks var þannig að \$ 1 000 000 voru tekin að láni en \$ 300 000 var eigið fé fyrirtækisins.

Á árunum 1979 og 1980 fer staða fyrirtækisins versnandi og eru meginástæður þess eftirfarandi:

1. Á árinu 1979 gat fyrirtækið ekki framleitt á fullum afköstum vegna gufuskorts. Úr því var bætt 1980 með borun tveggja nýrra hola í Bjarnarflagi.
2. Á árinu 1980 gætir nokkurs sölusamdráttar í Evrópu, sem rekja má til almenns samdráttar í efnahagslífi í Evrópu. Varð sölusamdrátturinn um 15% frá því sem ráð hafði verið fyrir gert í söluáætlunum (þ. e. 22 000 tonn).
3. Fjárfestingar vegna mengunarvarna voru miklar. Sett voru upp hreinsitæki fyrir útblástursloft frá gufuburkurum og ýmsar úrbætur voru gerðar til að draga úr mengun í andrúmslofti starfsmanna. Á verðlagi 1. mars 1982 kostuðu þessar fjárfestingar rúmar 8 millj. kr. Auk þess leiddu þessar fjárfestingar til aukins reksturskostnaðar þ. e. aukin raforkunotkun og dýrari umbúðir.

Framleiðsla og afkoma.

Allar tekjur Kísiliðjunnar eru í Evrópumyntum en allar skuldir eru hins vegar í bandaríkjadollurum. Sterk staða dollars á undanfögnu einu og hálfu ári hefur veikt stöðu Kísiliðjunnar mjög, og hefur greiðslustaða fyrirtækisins verið mjög erfið. Kísiliðjan h. f. er örugglega eitt af þeim fyrirtækjum er farið hafa hvað verst út úr þróun gengismála. Markaðshorfur fyrir kísilgúr hafa farið batnandi á undanfögnu mánuðum og útlit er fyrir hallalausan rekstur á þessu ári með þeim aðgerðum er hér er lagt til að gerðar verði samanber töflu 1.

Tafla 1:
(upphæðir í millj. kr.)

	1979	1980	1981	1982
Framleiðslumagn	22 268 t	19 352 t	20 643 t	22 500 t
Sala	21 746 t	18 757 t	20 206 t	22 500 t
Útflutningsverð cif.	22,9 m.kr.	28,7 m.kr.	43,9 m.kr.	
Útflutningsverð fob.	18,4 m.kr.	22,7 m.kr.	35,3 m.kr.	52,6 m.kr.
Hagnaður (tap) nettó	1,0 m. kr.	(0,3 m. kr.)	(7,0 m. kr.)	(7,4 m. kr.)
Hagnaður eftir aukningu hlutfjár				0.7 m. kr.
Hlutfall af heildarútflutningi	0.65%	0.51%	0.54%	

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Reiknað er með að aukning hlutfjár ríkissjóðs verði með því móti að ríkissjóður yfirtaki lán allt að \$ 1 300 000 er nú hvíla á Kísiliðjunni h.f. Yfirtaka ríkissjóðs á lánum þessum fer fram um leið og frumvarp þetta hefur orðið að lögum og sama gildir um yfirtöku Manville á láni að upphæð \$ 262 500.

Í samþykktum Kísiliðjunnar h.f. er svo fyrir mælt að hluthafar skuli eiga forkaupsrétt að aukningarhlutum í félaginu í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Ekki virðist unnt að skylda félagið til að bjóða sveitarfélögum frekari þátttöku og er síðari málsgr. 1. gr. frumvarpsins ætlað að taka af tvímæli í því efni. Aukin þátttaka sveitarfélaga á Norðurlandi. mun þó standa þeim til boða, ef áhugi er fyrir hendi.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.